

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, Hevf.is

Bolungarvík 2. október 2017

Bogi Kristinsson Magnusen
Skipulags og byggingafulltrúi
Árneshrepps.
Miðbraut 11
370 Búðardal Dalabyggð

Umsögn Heilbrigðiseftirlits vegna Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði, Breyting á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025

Í breytingunni felst

- Iðnaðarsvæði fært til og heimild fyrir starfsmannabúðir bætt við
- Íbúðarsvæði innan virkjunarsvæðisins fellt út
- Vegir um virkunar svæðið skilgreindir
- Efnistökusvæði skilgreind við Hvalárósa.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerir ekki athugasemdir við framkomn tillögu að breytingu á Aðalskipulagi. Skv. 31. gr. Skipulagslaga nr 123/2010.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits vegna Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði, Tillaga að deiliskipulagi Árneshrepps 2005-2025

Í deiliskipulagstillögunni fellst m.a.

- Afmörkun tímabunnar lóðar og bygginarreits fyrir starfsmannabúðir og vinnusvæði.
- Afmörkun og umfang efnistökusvæða.
- Vegir innan svæðis og tenging við þjóðveg.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerir ekki athugasemdir við framkomnar tillögur að deiliskipulagi. Skv 41. gr skipulagslaga nr 123/2010.

Þó umfang framkvæmda vegna rannsókna séu minni, þarf í grunnin sömu aðstöðu og leyfi af hálfu Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

Gera þarf grein fyrir vörnum gegn olíumengun á rekstrartíma mannvirkja

Framkvæmdin er öll á óbyggðu svæði þar sem engin þjónusta er til staðar og kallar því á uppbygginu á svæðinu á framkvæmdatíma. Þar sem um óbyggðir er að ræða kallar það á ríkar kröfur um eftirlit með umgengni og meðferð úrgangs. Taka þarf tillit til ábúenda í Ófeigsfirði og á Seljanesi og göngufólks á framkvæmdatíma.

Engin vantsból eða byggð er á áhrifasvæði virkjunarinnar. Bent er á að framkvæmdaraðili þarf að sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða vegna olíubirgðstöðvar,

verkstæðisaðstöðu með steypuplani tengdu olíuskilju, steypustöðva, færanlegra salerna, svefnskála, mótuneyti, vatnsból og fráveitu.

Heilbrigðiseftirlit veitir starfsleyfi, skv lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti fyrir vinnubúðir og farandsalerni, skv. reglugerð 785/1999 um atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun s.s. vinnslu jarðefna, , verkstæðisaðstöðu. Olíubirgðir skv. reglugerð nr. 35/1994. Eldhúsaðstöðu skv lögum um matvæli nr. 93/1995, reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga. Um neysluvatn skv. reglugerð 536/2001 um Neysluvatn.

Með kveðju



Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi